

Fundargerð stjórnar Félags rannsóknarstjóra á Íslandi

10. fundur 5. febrúar 2015 kl. 09:00 – 10:00

Mætt á fund voru:

Ásta Sif Erlingsdóttir, Kristján Kristjánsson, Hörður G Kristinsson, Oddný S. Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Kynnt var tillaga Kára Joensen um að halda vinnustofu sem myndi sérstaklega nýtast rannsakendum innan félagsvísindageirans til að sækja um í H 2020 en - Kári Joensen tók þátt í slíkri vinnustofu „How to participate in H2020 from an SSH point of view“. Hann telur að unnt væri að halda slíka vinnustofu í Háskólanum á Bifröst. Einnig benti Kári á að félagið geti sótt um styrk frá EARMA til að halda slíka vinnustofu. Ákveðið að skoða þennan möguleika, Ásta hefur samband við Kára og heldur málinu áfram.
2. Þátttaka ICEarma í INORMS. INORMS eru regnhlífasmöt rannsóknastjóra . Samtökin óskuðu eftir því að Ísland tilnefndi þátttakanda í stefnumótun INORMS. Ásta Sif tilnefndi sjálfa sig fyrir hönd félagsins.
3. EARMA vinnufundur verður haldinn í Brussel í mars og mun Ásta Sif fara á þann fund fyrir hönd félagsins þar sem hún verður í Brussel vegna annarra funda á sama tíma.
4. Þátttaka okkar í COST verkefninu. Úlfar Gíslason og Gréta Björk Kristjánsdóttir hafa farið tvívegis á fund um stjórnun og fjármálaumsýslu og mun Úlfar fara aftur í mars, en Gréta Kristjánsdóttir komst ekki að, að þessu sinni, en Ólöf Ragnarsdóttir lögfræðingur mun halda erindi á BESTPRAC COST fundinum. Ásta Sif og Kristján Kristjánsson munu síðan sækja stjórnarfund í verkefninu haust.
5. Undirbúningur fyrir aðalfund, er hafinn og mun hann verða haldinn í lok mars að þessu sinni.
6. Næsti fundur verður haldinn miðjan mars